



Minjastofnun  
Íslands

The Cultural  
Heritage Agency  
of Iceland

Umhverfis- og skipulagssvið

Suðurgata 39  
101 Reykjavík

(354) 570 13 00

[www.minjastofnun.is](http://www.minjastofnun.is)

Kennitala: 440113-0280

Selfossi 3. júlí 2018  
MÍ201807-0003 / 6.09 / K.M.

Umhverfis- og tækinisvið Uppsveita  
Rúnar Guðmundsson  
Dalbraut 12  
840 Laugarvatn

## Efni: Hólaskógur - spilda á Gnúpverjafrétt.

Minjastofnun Íslands barst umsagnarbeiðni vegna deiliskipulags sem verið er að vinna við Hólaskógi á Gnúpverjafrétt. Deiliskipulagið tekur til 4 lóða sem eru mjög misstórar, frá hálfum hektara upp í tæplega 200 ha. Umsögn þessi – úttekt með tilliti til menningarminja – tekur aðeins til bygginarreitanna 4 en ekki alls skipulagssvæðisins. Með skipulaginu er sveitarfélagið fyrst og fremst að negla niður lóðir umhverfis hús sem fyrir eru. Á reit 1 er stór og nýlegur skáli. Í brattri og grýttri brekku ofan við skálann er hlaðið mannvirki og efst eru 2 vörður. Mannvirki þessi eru utan við skipulagssvæðið enda skal ekki hrófla við mannvirkjum þessum. Á reit 2 er uppgert sæluhús frá 1936 og ekki aðrar minjar. Ekki stendur til að eiga neitt við sæluhúsið og er það vel því það ber fortíðinni fagurt vitni. Á reit 3 er nýleg hestaskemma. Á lóð 4, safngirðingu, er enginn byggingarreitur enda stendur ekki til að byggja á lóðinni. Í austurhorni lóðarinnar, skammt suðaustan hestaskemmur á reit 3, er tóft úr grjóti og torfi. Minjavörður mældi hana upp og ljósmyndaði. Ekki skal raska henni nema að til komi mótvægisáðgerðir sem Minjastofnunar setur, ef samþykki fæst fyrir röskun. Annars gerir minjavörður ekki frekari athugasemdir við skipulagið en minnar á að ef til stendur að ráðast í byggingarframkvæmdir utan núverandi byggingarreita, þá þarf skipulagið aftur að koma til umfjöllunar hjá Minjastofnun.


**Kristinn Magnússon**  
Verkefnastjóri  
[kristinn@minjastofnun.is](mailto:kristinn@minjastofnun.is)

Rétt er að vekja athygli á 2. mgr. 24. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 en þar segir: „Ef fornminjar sem áður voru ókunnar finnast við framkvæmd verks skal sá sem fyrir því stendur stöðva framkvæmd án tafar. Skal Minjastofnun Íslands láta framkvæma

Vakin er athygli á því að skv. 51 gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 eru ákváðanir Minjastofnunar Íslands skv. 20., 23., 24., 28., 42. og 43 gr. sömu laga endanlegar á stjórnáslustigi og ekki kæranelgar til æðra stjórnvalds. Jafnframt er vakin athygli á því að skv. 21. gr. stjórnáslulaga nr. 37/1993 getur aðili málს óskað eftir skriflegum rökstuðningi stjórnvalds fyrir ákvörðun hafi slikur rökstuðningur ekki fylgt ákvörðuninni þegar hún var tilkynnt. Beiðni um rökstuðning fyrir ákvörðun skal bera fram innan 14 daga frá því að aðila var tilkynnt ákvörðunin og skal stjórnvald svara henni innan 14 daga frá því hún barst.

vettvangskönnun umsvifalaust svo skera megi úr um eðli og umfang fundarins. Stofnuninni er skylt að ákveða svo fljótt sem auðið er hvort verki megi fram halda og með hvaða skilmálum. Óheimilt er að halda framkvæmdum áfram nema með skriflegu leyfi Minjastofnunar Íslands.“

Virðingarfyllst,



Úggi Ævarsson  
Minjavörður

Afrit sent:

Skipulagsstofnun

Afrit sent í tölvupósti:

Skipulags- og byggingarfulltrúi ([runar@utu.is](mailto:runar@utu.is))